



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 27.08.85.

101 fundur

skólanefndar F.S. var haldinn í skólanum 19. ágúst 1985.

Þessir sátu fundinn: Gunnar Sveinsson; formaður, Hjálmar Árnason; skólameistari, Eggert Ólafsson, Halldór Guðmundsson, Bogi G. Hallgrímsson, Þórður Ólafsson og Gísli Torfason; fulltrúi kennara.

1. Formaður setti fundinn kl. 17:00.

2. Mannaráðningar:

Formaður greindi frá því að Ingólfur Halldórsson hefði beðið um veikindaleyfi til áramóta og kvaðst hann vilja gefa skólameistara orðið til að tjá hugmynd sína um lausn á því. Skólameistari kvaðst vera með ákveðna uppástungu um mann í Ingólfs stað þennan tíma og væri það Sturlaugur Ólafsson, kennari. Tillaga skólameistara var samþykkt með öllum atkvæðum.

Er þetta hefði verið afgreitt tók Sturlaugur sæti á fundinum og bauð formaður hann velkominn og kvað nefndina vanta góðs samstarfs við hann.

Um auglýstar kennarastöður við skólann höfðu borist sex umsóknir og kynnti skólameistari umsækjendur um leið og hann ræddi þörf skólans. Samþykkt var að mæla með ráðningu eftirtalinna kennara:

Ólafi Sigurðssyni og Margaret Cormack í fullt starf og Rebeccu Naffziger og Guðmundi Björgvinssyni sem stundakennurum.

Þá greindi skólameistari frá umsóknum í hálfa stöðu ritara sem auglýst var laus til umsóknar. Fjórar umsóknir bárust. Samþykkt var samhljóða að Ragnhildur Árnadóttir, Heiðavegi 10, yrði ráðin.

3. Nýbygging skólans.

Hörður Björnsson, arkitekt, hafði sent nýjan uppdrátt, samkvæmt ósk skólans þar um og útskýrði skólameistari hann. Samþykkt samhljóða að viðra þær hugmyndir við byggingarnefnd.

4. Skólameistari sagði frá undirbúningi og áformum varðandi haustönn. Hann kvað ákveðið að kalla kennara saman til fundar mánudaginn 26. ágúst og myndi sú vika tekin til undirbúnings starfa. Mánud. 2. sept. yrðu stundaskrár afhentar og 3. sept. byrjaði kennsla eftir stundaskrá.

5. Önnur mál:

- a) Rætt var um innritunargjald næsta skólaár og ákveðið að það skyldi vera kr. 2000,00 og greiðast í tvennu lagi þ.e. kr. 1000.- á önn.
- b) Þá lagði formaður fram bréf og reikningsyfirlit frá ráðuneytinu. Þar kemur fram staðfesting á því að um áramót hafi skuld ríkis við skólann verið um 2,5 milljónir.
- c) Skólameistari greindi frá framhaldsráðstefnu um samskipti ríkis og sveitarfélaga er hann sat á Ísafirði. Þar var m.a. unnið að tillögu um kostnaðarskiptingu þeirra í milli við rekstur framhaldsskóla. Fundargjörð frá ráðstefnu þessari er væntanleg fljótlega og verður þá dreift til viðkomandi aðila.

Fleira ekki gert.

Bogi G. Hallgrímsson
Bogi Hallgrímsson,
fundarritari.